

6. Fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2017
haldinn í utanríkisráðuneytinu miðvikudaginn 29. September 2017 kl. 09:15

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Nichole Leigh Mosty – Björt framtíð
Vilhjálmur Bjarnason – Sjálfstæðisflokkur
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð
Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst
Tumi Tómasson – Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri), Þórdís Sigurðardóttir (sendiráðunautur), Davíð Bjarnason (verkefnastjóri) og Gunnar Salvarsson (sérfræðingur).

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur), Birgitta Jónsdóttir (Píratar), Þórunn Egilsdóttir (Framsóknarflokkur), Erna Reynisdóttir (Barnaheill), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands), Maríaanna Traustadóttir (Alþýðusamband Íslands) og Þorbjörn Guðmundsson (Alþýðusamband Íslands) boðuðu forföll.

Guðjón Brjánsson (Samfylkingin), Jón Steindór Valdimarsson (Viðreisn), Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (Píratar) og Alda Lóa Leifsdóttir (Sól í Tógó) voru fjarverandi.

Ragnar Gunnarsson kom á fundinn 09:30 og Atli Viðar Thorstensen koma á fundinn kl. 9:35. Fulltrúar ráðuneytisins, utan nefndarritara, viku af fundi að aflokinni umræðu um kynningarmál þróunarsamvinnuskrifstofu.

Nefndarritari:

Ágúst Már Ágústsson

9. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Fundargerð áttunda fundar var samþykkt.

2. Kynning á nýlegum og yfirstandandi úttektum

Davíð Bjarnason, verkefnastjóri úttekta, kynnti frumniðurstöður ytri úttektar á skólum Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Helstu niðurstöður úttektarinnar eru að skólarnir skila árangri í þróunarlöndum sviði stefnumótunar, stofnanauppbyggingar og framgangi þeirra sérfræðinga sem njóta þjálfunar hjá skólunum. Jafnframt er stuðningur við skólana í samræmi við markmið í áætlun Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Helsti lærdómur sem draga má af úttektinni varðar aðkomu

utanríkisráðuneytisins í stjórnun skólanna; að mögulegt sé að auka hagkvæmni með því að halda fjölda sérfræðinga við skólana í kringum 20 manns; mikilvægi þess að hafa fyrirsjáanlegt fjármagn til fimm ára; og að skólarnir þurfa að skerpa á þeim viðmiðum sem stuðst er við val á sérfræðingum. Greint var frá að samlegðaráhrif gætu verið af stofnun alþjóðarstofnunar sem myndaði stofnanalega yfirbyggingu yfir skólana fjóra. Þannig gæfist færi á dýpra samstarfi á milli skólanna og við aðra skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á alþjóðavettvangi. Hins vegar samræmist stefna Háskóla Sameinuðu þjóðanna ekki fyllilega áherslum skólanna á Íslandi, sem leggja áherslu á hagnýta þjálfun umfram rannsóknastörf, auk þess sem slík yfirbygging hefði í för með sér aukinn kostnað við skólana er næmi 80-100 m.kr. á ári.

Jafnframt var greint frá ytri lokaúttekt á fiskgæðaverkefni þróunarsamvinnu Íslands í Úganda, sem var ætlað að auka verðmæti og gæði afla þeirra samfélaga sem starfað var með. Verkefnið var almennt talið ná þeim markmiðum sem lagt var upp með, bæði verðmæti og gæði afla á inngripssvæðum jókst miðað við samfélög sem nutu ekki góðs af verkefninu. Þrátt fyrir að árangur hafi náðst af verkefninu var það ekki talið nægilega sjálfbært þar er þær aðferðir sem beitt er við vinnslu afla nýta sömu vatnsból og samfélagið. Utanríkisráðuneytið vinnur nú að áætlun til að auka sjálfbærni verkefnisins. Jafnréttisþáttur verkefnisins, sem bætt var við að lokinni miðannarúttekt, reyndist árangursríkur.

Yfirstandandi er ytri úttekt á framkvæmd jafnréttisáætlunar alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Úttektir á framkvæmd nágrannaríkja Íslands, sem einnig hafa jafnréttismál sem þverlæg áherslumál, hafa sýnt að þær nái takmörkuðum árangri og er markmiðið með úttektinni að geta borið kennsl á haldbærar aðgerðir sem ráðuneytið getur framkvæmt til að auka árangur sinn á þessu sviði. Er úttektin á lokastigum og verður hún betur kynnt þegar henni er lokið.

Ráðuneytið er að hrinda úr vör úttektum á þróunarsamvinnuverkefnum Rauða krossins á Íslandi og Hjálparstarfi kirkjunnar. Þessi samtök eru stærstu styrkþegar ráðuneytisins í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Greint var frá því að u.þ.b. eitt stöðugildi á þróunarsamvinnuskrifstofu sinnir úttektum og að úttektir ráðuneytisins séu að flytjast á skrifstofu ráðuneytisstjóra til samræmis við tillögur sem koma fram í nýlegri skýrslu um utanríkisþjónustu til framtíðar. Úttektir á þróunarsamvinnuverkefnum eru framkvæmdar þar sem íslenskir aðilar eru að bera verkefnið og lögð er áhersla á að taka út sem stærstan hluta framlaga ráðuneytisins til þróunarsamvinnu.

Fulltrúar nefndarinnar guldu varhug við því að breyta grundvallaráherslum skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og töldu að mögulegt væri að bjóða upp á aukið vísindastarf í skólunum í samstarfi við aðra háskóla á Íslandi.

3. Kynningarmál þróunarsamvinnuskrifstofu, sérstaklega samfélagsmiðlar.

Gunnar Salvarsson, sérfræðingur á upplýsingaskrifstofu, kynnti viðveru alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands á internetinu fyrir nefndinni. Farið var yfir notkun samfélagsmiðla, útgáfu myndbanda og veftímaritsins Heimsljós, sem hefur komið út nærri vikulega frá árinu 2008. Greint var frá því að þróunarsamvinna fær litla athygli í stærri fjölmiðlum, en í skýrslu um utanríkisþjónustu til framtíðar er lagt til að kynningarmál þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar verði styrkt til muna. Tillögur þessa efnis hafi einnig komið fram í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, en þar er sérstaklega minnst á hlutverk þróunarsamvinnunefndar við aukna og dýpri upplýsingagjöf til almennings. Var einnig bent á að breytt verklag við framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands drægi úr sýnileika hennar, en í samræmi við bestu starfshætti hafi hún í

auknu mæli verið færð úr höndum Íslendinga og í hendur heimamanna í samstarfsríkjum Íslands og í kjarnaframlög til alþjóðastofnana.

Fulltrúar nefndarinnar lýstu yfir ánægju sinni með kynningarstarf ráðuneytisins og útgáfu Heimsljóss sérstaklega. Var ráðuneytið hvatt til að halda útgáfu þess áfram. Var bent á mikilvægi úttekta í tengslum við kynningarstarfið, en með þeim væri hægt að benda á árangur starfsins.

Fulltrúar nefndarinnar töldu mikilvægt að kynna þróunarsamvinnu fyrir nemendum á grunnskólastigi. Ráðuneytið hefur þegar tvisvar kostað útgáfu námsbókarinnar *Verður heimurinn betri* sem kynnt hefur verið í skólum af Félagi Sameinuðu þjóðanna en er almennt ekki notuð við kennslu og erfitt hefur reynst að koma námsefninu á framfæri.

Sumir fulltrúar nefndarinnar töldu að meiri umræðu þyrfti um þróunarsamvinnu á Alþingi og að æskilegt væri að utanríkisráðherra legði fram til þingsins sérstaka skýrslu um málaflokkinn. Jafnframt töldu sumir fulltrúar nefndarinnar að þeir þyrftu sjálfir að axla aukna ábyrgð við að kynna málaflokkinn innan sinna hagsmunahópa. Fulltrúi ráðuneytisins áréttaði að skv. lögum nr. 120/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands skuli leggja fram slíka skýrslu á tveggja ára fresti og sé stefnt að því að leggja hana fram samhliða drögum að stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

4. Önnur mál

a. Umfjöllun nefndarinnar um jafningarárni þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC)

Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að tveir fulltrúar nefndarinnar og formaður hennar gerðu drög að viðbrögðum nefndarinnar við jafningarárni DAC.

Nefndin ákvað að fjalla nánar um drög að viðbrögðum nefndarinnar á síðari fundi nefndarinnar og skyldi umfjöllunin vera sett á dagskrá viðkomandi fundar.

b. Boðun varamanna á fundi nefndarinnar

Formaður nefndarinnar rifjaði upp athugasemdir sem gerðar hafa verið af fulltrúum nefndarinnar varðandi boðun varamanna í forföllum aðalmanna. Vísað var til þess að starfsreglur nefndarinnar væru ekki skýrar hvað þetta varðar og gerði fulltrúi ráðuneytisins grein fyrir því hvaða reglu hefði verið beitt við boðun varamanna fram að þessu. Almenn sátt ríkti meðal nefndarinnar um þá aðferðafræði sem beitt hefur verið.

Nefndin ákvað að óska eftir skýringum frá samstarfsnefnd háskólastigsins varðandi boðun varamanna þess hagsmunahóps.

c. Næsti fundur þróunarsamvinnunefndar

Á síðasta fundi nefndarinnar hafði verið ákveðið að boða til næsta fundar hennar föstudaginn 27. október næstkomandi.

Nefndin ákvað að aflýsa næsta fundi sínum og fresta honum þar til að nýtt þing hafi verið kjörið og sitjandi þingmenn þess þings skipaðir til setu í nefndinni.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:56